

# Brímfaxi



## Veðurstofa Íslands og þróun veðurþjónustu í 100 ár

Magnús Jónsson  
bls: 12



## Eflum strandveiðar!

Andri Viðar Víglundsson  
bls: 35



## Að frysta frelsið

Sveinbjörn Jónsson  
bls: 24

Tímarit Landssambands smábátaeigenda 2. tbl. 2019

## Möstur fortíðar og samtímans



JÓL  
2019

# Þú ert númer í röðinni



## Líf- og sjúkdómatryggingar

Til hvers að standa í biðröð þegar þú getur gengið frá líf- og sjúkdómatryggingum hvar og hvenær sem er á [vordur.is](http://vordur.is). Eftir hverju ert þú að bíða?

ÞÚ ERT NÚMER EITT Í RÖÐINNI







## Efnisyfirlit

Sýndarveruleikinn	2
Barátta smábátæigenda	6
Veðurstofa Íslands og þróun veðurþjónustu í 100 ár	12
Grásleppurannsóknir og sveigjanlegri veiðistjórn	20
Færeyskir fiskifræðingar missa af lestinni- einu sinni enn	22
Að frysta frelsið	24
Veiðar smábáta í Færeyjum	26
Hefring Marine, siglingar- og flotastjórnunarkerfi	28
Tækifæri eða hörmungar?	32
Eflum strandveiðar!	35
Framtíð grásleppuveiða	36
Trillukarl ársins 2019.	38
Skilgreining FAO, Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna á IUU fiskveiðum, þ.e. ólöglegum, óskráðum og stjórnlausum fiskveiðum:	40

**Útgefandi:** Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. **Ritstjóri:** Arthur Bogason. **Ritnefnd:** Arthur Bogason, Þorlákur Halldórsson, Örn Pálsson. **Ábyrgðarmaður:** Arthur Bogason. **Umsjón með útgáfu:** Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. **Umbrot:** Harri. **Auglýsingar:** Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. Sími 892 2585. Netfang arthur@smabatar.is **Myndir:** Arthur Bogason, Erlendur Bogason o.fl. **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja. **Upplag:** 1100 eintök. **Forsíðumyndin** er af möstrum fortíðar og samtímans, tekin við gömlu höfnina í Reykjavík.

# Sýndarveruleikinn

**V**afalaust muna einhverjir eftir því að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi var árið 1984 sett í reglugerð til bráðabirgða. Átti að standa um skamma hríð, rétt meðan þorskstofninn næði að braggast.

Höfundar þessarar leikfléttu vissu fullkomlega hvað þeir voru að gera. Í talsverðan tíma höfðu þeir setið og vélað um framtíð íslensks sjávarútvegs.

Árið 1984, þegar kvótakerfið var kynnt til sögunnar þekktist vart hugtakið sýndarveruleiki. Hvað sem því líður er staðreyndin sú að það var nákvæmlega aðferðin sem var brúkuð. Það er hreinræktaður sýndarveruleiki að skammta veiðiheimildir upp á kíló til handhafa. Það er botnlaust bull sem ekki er nokkur leið að rökstyðja.

## Íslenska kvótakerfið er birtingarmynd sýndarveruleika

Nú er svo komið fyrir íslensku þjóðinni að einungis 11% þeirrar raforku sem notuð er á Íslandi er „hrein“. Kvótakerfið í sjávarútvegi er galið, en kvótakerfið í raforkumálum er stjórnugalið.

Samkvæmt því losar Ísland nú 19 tonn af geislavirkum úrgangi og 8,8 milljón tonn af CO2 við raforkuframléiðslu. Skýringin er sú að seld hafa verið „upprunavottorð“ á raforku. Aflátsbréf kaþólsku kirkjunnar á miðöldum blikna í samanburði.

Er næsta skref að selja veiðiheimildir í þorski við Íslandsstrendur til útgerða sem veiða t.d. krabba við Vesturströnd Alaska og Kanada, svo þær geti aukið við krabbakvótann?

Ein birtingarmynd þessa sýndarveruleika er mikill áhugi sitjandi sjávarútvegsráðherra á kvótasetningu hrognkelsaveiða. Hrognkelsi (grásleppa og rauðmagi) eru innan við 1 % af afla landsmanna, dregnum úr sjó.

## Orð Nóbelskaldsins, Halldórs Laxnes eiga hér vel við:

„Því hefur verið haldið fram að Íslendingar beygi sig lítt fyrir skynsamlegum rökum, fjármunarökum varla heldur, og þó enn síður fyrir rökum trúarinnar, en leysi vandræði sín með því að stunda orðheingilshátt og deila um titlíngaskít sem ekki kemur málinu við; en verði skelfingu lostnir og setji hljóða hvenær sem komið er að kjarna máls“.

Síðasta vígi smábátaútgerðarinnar eru strandveiðarnar. Þær snúast um að smábátar með fjórar handfærarúllur að hámarki megi veiða heila 48 daga á ári, á tímabilinu 2. maí til 31. ágúst, svo framarlega sem heildarpotturinn klárast ekki.

48 dagar eru 13% af dögum ársins. Þessi ofrausn hefur valdið ráðamönnum miklum svefntruflunum – og hvað þá LÍÚ (skammstafað SFS). Það veldur hinum sömu engum áhyggjum að öflugustu togskip sem smíðuð hafa verið í mannkynssögunni veiða örstutt frá landi.

Þetta er ein birtingarmynd sýndarveruleikans. Látalætin í kringum strandveiðarnar eru til þess gerð að sýna umheiminum hversu vel fiskveiðunum við Íslandsstrendur er stjórnað. Regluverkið sé svo strangt að vogi trillukarl sér að skila ekki í land nokkrum kílóum af lifur vegna fisks sem hann slægði vegna manneklu á löndunarstað skal viðkomandi sviptur veiðileyfi.

Í raunheimum ætti stolt Íslenskra stjórnvalda að felast í því að geta sagt umheiminum að svo vel sé veiðunum stjórnað við stendur landsins að þeim muni ekkert um að halda utan sviga þeim veiðum sem minnstu raski valda í umhverfi hafsins, eyða minnstri orkunni og skapa mestu atvinnu miðað við dregin afla úr sjó. Að ekki sé talað um það líf sem þær skapa í litlu strandveiðisamfélögum.

Að svo mæltu óska ég smábátæigendum sem öðrum landsmönnum gleðilegra jóla og fengsæls komandi árs.

Arthur Bogason

# Óskum sjómönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs!



PRYMUR HF. – Vélsmíðja




FISKMARKAÐUR  
ÍSLANDS



Draupnigata 3 603 Akureyri  
**GUMMIBÁTAPJÓNUSTA**  
**NORÐURLANDS SF.**  
Símar: 462 6040 • 898 3366 • Fax: 461 1790



SJÓMANNA- OG VÉLSTJÓRNUNARSAMBAND GRINDAVÍKUR



Svæðisfélög smábátæigenda senda sjómönnum og landsmönnum öllum bestu óskir um gleðlileg jól og farsælt komandi ár!

Árborg, félag smábátæigenda á Suðurlandi  
Smábátafélag Reykjavíkur  
Báran, félag smábátæigenda í Hafnarfirði og Garðabæ  
Elding, félag smábátæigenda í Ísafjarðarsýslum  
Farsæll, félag smábátæigenda í Vestmannaeyjum  
Félag smábátæigenda á Austurlandi  
Fontur, félag smábátæigenda á Norð-Austurlandi  
Hrollaugur, félag smábátæigenda á Hornafirði

Klettur, félag smábátæigenda á Norðurlandi eystra  
Reykjanes, félag smábátæigenda á Reykjanesi  
Sæljón, félag smábátæigenda á Akranesi  
Skalli, félag smábátæigenda á Norðurlandi vestra  
Smábátafélagið Strandir  
Snæfell, félag smábátæigenda á Snæfellsnesi  
Strandveiðifélagið Krókur  
Drangey – Smábátafélag Skagafjarðar



**Þorlákur Halldórsson** nýr formaður Landssambands smábátæigenda


## Nýr formaður Landssambands smábátæigenda

Dagana 17. -18 október sl. var haldinn 35. aðalfundur Landssambands smábátæigenda á Grand Hótel Reykjavík. Að venju lauk fundinum með kjöri formanns. Aðeins einn var í framboði, Þorlákur Halldórsson frá Grindavík. Þorlákur var varaformaður LS árin 2016 og 2017. Hann er fjórði formaður LS frá stofnun árið 1985.

Þorlákur Halldórsson tekur við af Axel Helgasyni sem gegndi starfinu frá árinu 2016, eða í þrjú ár.

Ætlunin var að hafa viðtal við Þorlák í þessu tölublaði Brimfaxa, en af því gat því miður ekki orðið.

Þorláki er óskað til hamingju með kjörið og farsældar í starfi.



**Almanak**  
Háskóla Íslands 2019

Fást í helstu  
bókaverslunum  
um land allt



**Almanak**  
Þjóðvinafélagsins 2019  
(ásamt Árbók 2017)

H Á S K Ó L A Ú T G Á F A N  
haskolautgafan.hi.is – hu@hi.is – s. 525 4003



# ERTU KLÁR Í NÆSTU SJÓFERÐ?

Öryggisfræðsla til sjómanna hefur forðað mörgum sjómönnum frá slysum.

Með aukinni þekkingu og breyttu hugarfari sjómanna hefur öryggisfræðslan sannað sig.

Allir sjómenn eiga að sækja grunnöryggisfræðslunámskeið og síðan endurmenntun á fimm ára fresti til að fá lögskráningu í skiprúm.

Þann 1. nóvember 2010 tóku gildi ný lögskráningalög þar sem sú breyting var á að lögskrá skal á öll skráningaskyld skip sem gerð eru út í atvinnuskyni.

Ekki missa af næstu sjóferð vegna skorts á grunn- eða endurmenntunarnámskeiði í öryggismálum og skráðu þig í tíma á námskeið Slysavarnaskóla sjómanna



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG

Allar fyrirspurnir um námskeið og skráningar eru í síma 562 4884 eða á netfangið [saebjorg@landsbjorg.is](mailto:saebjorg@landsbjorg.is)



Örn Pálsson, framkvæmdastjóri LS:

# Baráttan smábátæigenda

**E**itt sem einkennt hefur starfsemi Landssambands smábátæigenda er að vera stöðugt á leið upp brekkuna.

Sjaldnast er hún greiðfær, aðeins mismunandi mikil hálkka og fyrirstaða. Það hefur verið lán LS að geta reitt sig á gríðarlega sterka grasrót. Félagsmenn eru vakandi yfir starfsemi félagsins og unna starfi sínu. Skeleggur málflutningur þeirra hefur holað steininn sem skilað hefur auknum veiðirétti. Stundum hefur það tekið sinn tíma en að lokum næst árangur.

Enn á ný er Landssambandið að kljást við málefni sem flest öllum smábátæigendum finnst sjálfsagt að sjávarútvegsráðherra taki undir og geri þeim þar með starfið léttara. Sumt kostar breytingu á lögum, öðrum er hægt að hrinda í framkvæmd með breytingu á reglugerð. Hér skulu nefnd fjögur mál sem aðalfundur LS samþykkti. Þau heyrja öll undir sjávarútvegsráðherra og því rétt að láta fylgja með hvaða undirtektir þau hafa fengið hjá ráðherra.

## Strandveiðar

*„LS krefst þess að hver bátur fái heimild til að veiða 48 daga ár hvert.“*

*Hverjum bát verði heimilt að róa að hámarki 12 daga í mánuði frá 1. apríl til 30. september. Óheimilt verði að róa á föstudögum og laugardögum.*

*Heimilt verði að flytja óveiddan strandveiðiafla milli ára eins og gildir um aðrar úthlutunir.*

Öllum á að vera ljóst að veiðikerfi þar sem eina veiðarfærið sem heimilt er að nota – handfæri – mun aldrei komast nálægt því að ógna þorskstofninum. Allar takmarkanir við fiskveiðar þar sem sjálfbær nýting er höfð að leiðarljósi eru tilkomnar vegna dreginna veiðarfæra sem geta verið gríðarlega afkastamikil. Samstaða hefur ríkt um að slíkum veiðarfærum eigi ekki að beita á grunnslóð, enda stærð skipanna miðuð við hægt sé að sækja á fjarlægari mið. Við fiskveiðistjórnun hér er ekki gerður greinarmunur



á veiddu magni hvort notuð eru veiðarfæri sem skila öllum veiddum afla að landi og þeim sem óhjákvæmilega veiða meira en skilar sér í lestar viðkomandi skips.

Öll veiðikerfi lúta árlegum magntakmörkunum. Krókaafلامarks- og aflamarksskipum er hverju og einu úthlutað ákveðnum fjölda kílóa sem þau reyna að nýta eins vel og hægt er með tilliti til kostnaðar við veiðarnar og verðmæti aflans. Margvísleg réttindi fylgja með í pakkanum. Heimilt er að leigja helming úthlutunarinnar og sjálfval um hvaða dagar skulu nýttir til veiða. Náist ekki að veiða allt er heimilt að færa 15% úthlutunarinnar yfir á næsta fiskveiðiár, auk annarra þátta sem ekki verða tíundaðir hér. Himinn og haf aðskilur aflamarkskerfin tvö og strandveiðar enda til orðin á afar ólíkum forsendum.

Strandveiðikerfið hefur verið við líði frá 3. maí 2010, 4 mánuði á ári hverju. Mikil reynsla hefur byggst upp við veiðarnar og stjórnun þeirra. Stjórnvöld þurfa ekki lengur að velkjast í vafa um að náttúrulegir þættir, veðurfar og fiskgengd á grunnslóð, stjórnar að langmestu leyti því magni sem veiðist. Auk þeirra er hver veiðiferð takmörkuð við 14 klukkustundir frá höfn til hafnar og veiðimagn 774 kg, veiðisvæði sem bundið er við heimilisfesti, 4 veiðidagar í viku alls 12 veiðidagar í hverjum mánuði. 48 veiðidagar alls sem ráðherra hefur heimild til að fækka fari afli fram úr fyrirfram útgefni aflaviðmiðun.

Á strandveiðiárinu 2019 var strandveiðibátum heimilt að veiða 11.100 tonn af þorski. Þrátt fyrir að bátum hefði fjölgað milli ára náðist þessi afli ekki. LS hefur því sterk rök til að byggja á fyrir samþykktum aðalfundarins.

Í þeim er farið fram á óbreytt veiðikerfi að því undanskildu að róðravikan telji 5 daga og veiðitímabil verði samfellt í 4 mánuði, innan 6 mánaða ramma. Auk þess að 15% úthlutunarinnar, 1.665 tonn, færast milli ára og komi þannig til viðbótar við útgefna aflaviðmiðun.

Breytingarnar er nauðsynlegt að gera til að tryggj sé að strandveiðibátar nái að nýta þann afla sem þeim er ætlað, jafnframt að gera veiðarnar hagkvæmari. Auk þessa verður að



Örn Pálsson framkvæmdastjóri Landssambands smábátæigenda

festu í lög að fjöldi veiðidaga við strandveiðar verði aldrei færri en 48. Þó afli fari eilítið fram yfir við bestu aðstæður er ljóst að það eru smámunir einir miðað við mismun á niðurstöðu vigtar á afla sem landaður er nokkurra klukkustunda gamall og þeim sem vigtaður er nokkrum dögum eftir að hann er veiddur, auk þess sem áður hefur verið nefnt.

Á fundi sem LS átti með Kristjáni Þór Júlíussyni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 27. nóvember sl. kom fram að hann telur að ekki verði hægt að verða við tillögum LS.

## Línuívilnun

*LS mótmælir harðlega skerðingu á viðmiðunarafla til línuívilnunar.*

*LS skorar á sjávarútvegsráðherra að beita sér fyrir breytingum á ákvæði um línuívilnun þannig að hún gildi fyrir alla dagróðrabáta minni en 30 brúttótonn og styttri en 15 metrar. Verði 30% við landbeitningu, 20% við uppstokkun og 10% fyrir vélabáta*

LS krefst þess að línuívilnun í ýsu verði 45% fyrir landbeitningu, 30% við uppstokkun og 15% fyrir vélabáta.



### *Siglufjörður að vetrarlagi*

Á undanförunum árum hefur bátum fækkað sem nýta línuvildun. Voru flestir á öðru ári línuvildunar 300, en á yfirstandandi fiskveiðirári hafa aðeins 70 bátar nýtt línuvildun.

Samþjöppun hefur leitt til þess að veiðiheimildir hafa í auknum mæli færst á stærstu beitningavélabátana. LS hefur margsinnis vakið athygli á þeirri þróun og óskað að við henni verði brugðist.

Ítrekuð hefur verið krafa félagsins að allir dagróðrabátar fái línuvildun og ívildunarprósentur verði hækkaðar. Við þessu hefur ráðherra ekki orðið heldur ákveðið að veikja línuvildun með því að skerða þann afla sem ætlaður er til hennar. Í ár eru aðeins 2.000 tonn af þorski ætluð til línuvildunar, en var 3.000 tonn á síðasta fiskveiðirári. Hæst fór afli sem ætlaður er til ívildunar í 3.500 tonn fiskveiðirárið 2015/2016. Í ýsu er sömu sögu að segja þar er viðmiðun nú er 849 tonn en var í síðustu „ýsuvandræðum“ fiskveiðirárið 2013/2014, 2.100 tonn. Þá er steinbítur kominn niður í 501 tonn, hefur lengst af verið 700, en hæst 900 tonn 2013/2014.

Það er með hreinum ólíkindum að ráðherra skuli ekki hafa fylgt þeirri þróun sem átt hefur sér stað og orðið við tilmælum og samþykktum LS

um línuvildun til allra dagróðrabáta. Nægur afli hefur verið fyrir hendi til að bregðast við og efla línuveiðar dagróðrabáta. Þess í stað hefur ráðherra kosið að frátekin afli nýtist ekki með veiðum sem hægt er að reikna til milljóna króna í afla- og útflutningsverðmætum. Línuvildun hefur í kjölfarið veikst með því að skerða viðmiðunina. Engin framþróun né metnaður fyrir eflingu línuveiða dagróðrabáta á þeim bæ.

Það er von LS að nefnd sem nú er að störfum til að skoða nýtingu veiðiheimilda sem eyrnamerktar eru í 5,3% pottana komi að þessu máli með tillögu sem snýr að samþykktum aðalfundar félagsins.

Fyrirsjáanlegt er að erfiðleikar blasa við útgerð krókaafلامarksbáta á fiskveiðirárinu. Kvótaskerðing í ýsu hefur orðið til þess að verð á ýsu til leigu hefur rokið upp fyrir allt velsæmi. Leigumarkaður er því afar óheilbrigður og þau boð látin ganga út að ekkert verði leigt frá aflamarki til krókaafلامarks. Þessi markaður hefur verið opin fyrir krókaafلامarksbáta undanfarin ár og því eðlilegt að stólað sé á hann. Þegar saman fer lokun þessa markaðar, kvótaskerðing og sterk ýsugengd er fyrirsjáanlegt að þorskveiðar krókaafلامarksbáta verða strembnar. Algeng blöndun í hefðbundnum róðrum það sem af er



## DRS4D-NXT

## DRS6A-NXT

Nýju NXT ratsjárnar frá Furuno nota nýja "solid-state" tækni og bjóða upp á fjölda nýrra eiginleika.



- X-band ratsjár með breytilegum snúningshraða, 24/36/48 RPM
- Magnetrónulausar ratsjár sem þurfa aðeins 25 W í sendiorku
- Tengjast beint við Time Zero og NavNet Touch
- Breiðbandspúls „RezBoost“ sem gefur hærri upplausn og skarpari greiningu
- Langdrægni frá 32 sml með 60sm hatti (DRS4D-NXT)
- Langdrægni frá 72 sml með val um 3.5', 4' eða 6' loftnetsstærðir (DRS6A-NXT)
- Lítar endurvarp eftir því hvort það sé kyrrstætt eða á hreyfingu
- Allt að 2° sendigeisli með DRS4D-NXT eða 0.7° með DRS6A-NXT. Þrengri geisli gefur betra langdrægi og greiningu fjær en breiðari geisli gefur betri greiningu nær
- Ferlar allt að 100 ARPA merki samtímis
- Greinir fugla á allt að 5 sml sem getur verið kostur við fiskileit



### DRS6A X-Class



### DRS12A X-Class



### DRS25A X-Class

- X-band. Val um 3.5', 4' eða 6' loftnetsstærðir
- Breytilegur snúningshraði, 24/36/48 RPM
- Skali frá 0.0625 sml til 96 sml
- Tengist beint við Time Zero og NavNet Touch
- Léttari og sterkari girkassi og mótór
- Ferlar allt að 30 ARPA merki samtímis
- Greinir fugla á allt að 5 sml sem getur verið kostur við fiskileit

Val um 6, 12 og 25 kW



Í DRS A-X-Class ratsjám er aðgreining endurvarpa á stuttum skölum er meiri og skarpari en áður. Einnig hefur þetta skilað skýrari endurvörpum úr mikilli fjarlægð, þ.e. á löngum skölum. Þessir nýju eiginleikar í Furuno DRS A-X ratsjám, hafa hingað til eingöngu verið í ratsjám framleiddum fyrir stærstu flutningaskip.



### **Dorgað undir bjargi**

fiskveiðiárinu er 40% úsa og 60% þorskur. Hratt gengur á heimildir krókaafلامarksbáta, sem höfðu veitt 54% þeirra þann 1. desember. Ógnvænleg sjón blasir því við hjá útgerðum þeirra þá þrjá ársfjórðunga sem eftir eru af fiskveiðiárinu.

LS vill að ráðherra komi að þessu málefni og bregðist við með því að beita sér fyrir að línuívilnunarprósenta fyrir úsu verði 45% og að aflaheimildir í úsu verði auknar nú þegar.

Á áðurnefndum fundi með sjávarútvegsráðherra var athygli hans vakin á þessum vanda. Ljóst er, af viðbrögðum hans á þeim vettvangi að auka verður þrýsting svo krafa LS nái fram að ganga.

### **Byggðakvóti**

*LS leggur til að byggðakvóta verði úthlutað sem ívilnun við löndun og ítrekar fyrri ályktanir að hann verði eingöngu nýttur af dagróðrabátum.*

Það er löngu vitað að markmið byggðakvóta að efla hinar dreifðu byggðir næst best með auknum afla frá dagróðrabátum. Fjöldi báta í hverri höfn sem landa daglega afla til vinnslu. Þó tillaga LS um að heimildunum verði úthlutað sem ívilnun við löndun sé komin til ára sinna er hún enn í fullu gildi. Forsvarsmenn byggða- og

sveitarfélaga hafa kvartað undan erfiðleikum við úthlutun, að taka ákvörðun þar sem nánast allir eru tengdir. Með ívilnun á kvóta við löndun losna menn við þann kaleik. Hér með er skorað á þá aðila sem hér eiga hlut að máli að leggjast á sveif með LS og vinna að framgangi tillögunnar.

Á fyrrnefndum fundi LS og sjávarútvegsráðherra var málefnið lítið rætt. Ástæða er því til að vekja á því athygli og fá stuðning við það.

### **Makrílveiðar**

*LS krefst frjálstra handfæraveiða smábáta á makríl.*

*LS samþykkir að við makrílveiðar færabáta verði viðbótarheimildum úthlutað samhliða veiðum. Ekkert skip getur fengið úthlutað viðbótarafلامark heimild fyrr en það hefur veitt 80% af úthlutuðu aflamarki, enda gildi sú takmörkun ekki hjá bátum sem hafa úthlutað aflamark minna en 27 lestir.*

LS mótmælir þeim seinangangi sem á sér stað við úthlutun á 4.000 tonna potti í makríl. Það getur tekið upp í 7 daga að fá úthlutun úr pottinum. Þar sem makrílvertíðin er stutt og þolir enga bið er þetta óásættanlegt fyrirkomulag.



Það er gríðarlega mikilvægt að hægt verði að efla makrílveiðar smábáta. Á þeim árum sem liðið hafa frá því færaveiðar hófust hefur orðið til dýrmæt reynsla. Það er bjargfóst skoðun LS að ekki eigi á nokkurn hátt að takmarka makrílveiðar færabáta. Sá stutti tími sem makríllinn staldrar við á veiðisvæði smábáta eiga þeir að geta stundað veiðarnar án hamla, en af fullri ábyrgð. Þar er átt við að meðferð aflans þarf að vera eins og best verður á kosið, nægur ís fyrir hendi og landað sé eins fljótt og unnt er.

Við samþykkt Alþingis á hlutdeildarsetningu makríls er staðan sú að vinna þarf eftir ákveðnu kerfi þar sem magntakmarkanir eru á hvern bát. Á frumvarpi ráðherra var gerð sú breyting að makrílveiðar færabáta er raunhæfur kostur til að verða arðbær fyrir gott hundrað báta. Veiðiheimildir sem koma í þeirra hlut voru auknar um 4.000 tonn og námu því um 7.000 tonnum. Miðað við verð á vertíðinni 2019 gæti aflaverðmæti slagað hátt í 800 milljónir.

Á aðalfundi LS var makríllinn talsvert ræddur. Einkum hvernig nýta mætti sem best þau 4.000

tonn sem Fiskistofa heldur utan um. Lögð var áhersla á að það 7 daga fyrirkomulag sem stofan hefur komið sér upp væri ótækt með öllu. Úthlutun yrði að vera samhliða veiðum hvers báts.

Útfærslan gæti t.d. verið á þá leið að þeir sem byggðust nýta sér heimildir frá Fiskistofu væru búnir að greiða fyrirfram fyrir það magn sem þeir áætluðu að veiða. Ef veiði stefndi í að fara umfram það yrði þeim skylt að bæta við innlegg sitt. Á sama hátt fengju þeir endurgreitt væri veiðin undir því sem áætlað hafði verið.

Skemmst er frá því segja að ráðherra tók vel í hugmyndir LS að breytingu. Að bátar sem á veiðum væru og reiddu sig á úthlutun úr viðbótarkvóta þyrftu ekki að gera hlé á veiðum á meðan Fiskistofa ynni úr umsóknum.

Örn Pálsson framkvæmdastjóri  
Landssambands smábátæigenda



# MARÁS

Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ  
www.maras.is / www.faj.is  
S:555 6444 / 552 2111



**FRÍÐRIK A. JÓNSSON ehf.**

**YANMAR**

**FYRIR SJÁVARÚTVEGINN**



Prestolite



Poly Flux



Navalloy



MAESTRINI








**SIMRAD**

Siglinga og fiskileitartæki



Sjálfstýringar



Kortaplotter



GPS/Gýró



Útistýri



Radarskannar



Radarskjáir




Botnstykki



Dýptarmælir



**Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra jóla- og nýárskeiður með ósk um gæfuríkt nýtt ár.**



**Magnús Jónsson, fyrrverandi Veðurstofustjóri:**

# Veðurstofa Íslands og þróun veðurþjónustu í 100 ár

**Þ**ann 1. janúar 2020 verða 100 ár frá því að Veðurstofa Íslands tók til starfa. Því er tilefni til þess að rifja stuttlega upp sögu þessarar mikilvægu stofnunar í íslensku þjóðlífi.

Fyrsta verkefni Veðurstofunnar var að taka við rekstri þeirra veðurathugunarstöðva sem Veðurstofa Danmerkur, DMI, hafði starfrækt hér á landi um áratuga skeið. Í upphafi var Veðurstofan deild í Löggildingastofunni og forstjóri þeirra stofnunar, Þorkell Þorkelsson eðlisfræðingur, varð um leið forstöðumaður þeirrar deildar. Það var síðan 1. janúar 1925 sem Veðurstofa Íslands varð sjálfstæð stofnun með Þorkel sem fyrsta veðurstofustjórnann. Voru starfsmenn hennar þessi fyrstu ár aðeins þrír auk forstjóra.

## Fyrstu veðurspánnar

Fyrsta veðurspáin sem gerð var á Veðurstofu Íslands var byggð á veðurathugunum frá fimm íslensku veðurstöðvum auk Þórshafnar í Færeyjum. Var þetta 17. janúar 1920 og hljóðaði spáin svona:

„Útlit fyrir suðvestan og vestanátt með vaxandi vindi á Norður- og Austurlandi, svipuðum hita og hækkandi loftvog.“ Þessi spá var ekki birt né aðrar spár fyrstu sjö mánuði frá stofnun Veðurstofunnar. Þegar kom fram á sumar 1920 fékk Veðurstofan aðgengi að veðurathugnum frá nokkrum stöðvum erlendis í Skandinavíu, Bretlandi og Grænlandi auk Færeyja. Þann 1. ágúst sama ár kom síðan fyrsta veðurspáin frá Veðurstofunni fyrir sjónir almennings og var hún svofelld:



„Loftvægislægð milli Færeyja og Íslands; loftvog stígandi hjer en stöðug í Færeyjum; norðaustlægð átt, hvöss á Suðvesturlandi. Útlit fyrir kalda norðanátt, bjartviðri á Suðurlandi en regnskúrir víða á Norðurlandi.“

Auðvitað voru veðurspárnar í fyrstu ónákvæmar og óáreiðanlegar og voru margar gagnrýnis- og tortryggisraddir uppi um þessa starfsemi bæði meðal sjómanna og annarra. Svo langt gekk þessi gagnrýni að fjárlaganefnd Alþingis lagði til árið 1924 að fjárveitingar til veðurspágerðar yrðu felldar niður og aðeins yrðu send út veðurathugunarskeyti. Meirihluti alþingismanna var þessu þó andvígur og var tillagan felld.

Segja má að straumhvörf hafi orðið í þessari umræðu um veðurspárnar í febrúar 1925 í kjölfar svokallaðs Halaveðurs, eins mesta mannskaðaveðurs á allri 20. öldinni. Snemma morguns 7. febrúar hafði Veðurstofan varað við viðsjárverðri lægð sem nálgast landið suðaustanvert. Togaraskipstjórar margir hverjir á stórskipum þessa tíma létu þessa spá sem vind um eyru þjóta og treystu á skip sín. En í þessu veðri fórust alls 74 sjómenn og í umræðum sem sköpuðust í framhaldi af þessum miklu sjóslusum urðu þau sjónarmið ofan á, að veðurspár gætu orðið veigamikill þáttur í öryggi sjómanna. Hafa verður í huga að á þessum árum fórust að meðaltali 60-70 sjómenn á ári hér við land sem var gríðarleg blóðtaka hjá minna en 100.000 manna þjóð.

## Fyrstu lög um Veðurstofu Íslands

Þann 15. júní 1926 staðfesti Kristján X konungur fyrstu lögini sem sett voru um starfsemi Veðurstofu Íslands en fyrr það ár hafði Alþingi samþykkt frumvarp til laga þar um sem samið var að frumkvæði Ólafs Thors alþingismanns. Helstu verkefni Veðurstofunnar sem þá voru talin upp í lögnum voru eftirfarandi:

1. *Safna veðurgögnum og vinna veðurfarskýrslur og gefa þær út.*
2. *Safna daglegum veðurskeytum, senda daglega út fregnir um veðurútlit, vara við stormhættu á miðum og á landi og segja fyrir um úrkomu að sumrinu.*



Magnús Jónsson, fyrrverandi Veðurstofustjóri og nú formaður Drangeyjar

3. *Safna upplýsingum um hafís og senda fregnir um hann til skipa.*
4. *Safna gögnum um eldgos og öskufall.*
5. *Hafa eftirlit með landskjálfta- og segulmagnsmælingum*
6. *Annast alþjóðlega samvinnu í veðurfræði.*

## Miðlun veðurfregna

Í fyrstu var upplýsingum um veðurathuganir, veðurspár og viðvaranir komið á framfæri í gegnum símann. Starfsmenn hans á hverri símstöð um land allt sáu um að færa þessar upplýsingar inn á þar til gert eyðublað og hengja síðan blöðin upp í sýningarkassa utan dyra til lestrar þeim sem fram hjá fóru. Í daglegu tali var á þessum árum farið að tala með réttu um veðurskeyti og enn þann dag í dag talar eldra fólk um veðurskeyti þegar veðrupplýsingum er útvarpað eða jafnvel sjónvarpað.

Þegar Ríkisútvarpið tók til starfa í desember 1930 urðu mikil tímamót í miðlun veðurfregna hér á landi. Frá upphafi útvarpsins urðu veðurspár og veðurlýsingar snar þáttur í dagskrá þess. Fóru þá veðurfræðingar að flytja landsmönnum veðurfregnir í beinni útsendingu frá Landsímahúsinu við Austurvöll en þangað var Veðurstofan flutt um þetta leyti. Voru það einkum Húnvetningarnir Jón Eyþórsson og Björn

L. Jónsson veðurfræðingar sem önnuðust þetta hlutverk.

## Veðurstofan hernumin

Þegar síðari heimstyrjöldin braust út 1939 hættu Þjóðir Evrópu og raunar flest aðildarríki Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar (stofnuð 1878) að senda hvert öðru upplýsingar um veður. Þetta lamaði meira og minna alla veðurspáþjónustu og má segja að staðan væri þá engu betri en í upphafi veðurspágerðar 1920. Þó var reynt að senda út 12 klst veðurspár sem kynntar voru með þeim fyrirvara að engin gögn væri að hafa nema frá Íslandi. En 15. apríl 1940 var að kröfu breskra stjórnvalda bannað að útvarpa öllum veðurfregnum og voru þær sendar út með símanum eins og verið hafði á fyrstu starfsárum Veðurstofunnar. Sömuleiðis lögðu Bretarnir bann við því að hafisfregnum væri miðlað bæði frá skipum og til skipa. Bitnaði þetta auðvitað á öllum landsmönnum en þó mest á sjómönnum. Þegar síðan Bretar hertóku Ísland 10. maí 1940 má segja að Veðurstofan hafi verið hertekin. Var breskur veðurfræðingur settur til starfa á stofnuninni og krafist hernámsliðið fulls samstarf við starfsmenn Veðurstofunnar. Þótt Bretarnir flyttu síðan veðurþjónustu sína út á Reykjavíkflugvöll voru nokkrir setuliðmenn við störf á Veðurstofunni allt fram á sumar 1946. En allan þennan tíma má segja að þjónusta Veðurstofunnar hafi verið lömuð og töldu úmsir að alvarleg sjóslys sem urðu hér við land á stríðsárunum hefði a.m.k. að hluta til mátt rekja til skertrar þjónustu stofnunarinnar.

## Flugveðurþjónusta á Keflavíkflugvelli

Þegar heimstyrjöldinni lauk má segja að Veðurstofan hafi enn staðið á tímamótum. Tengdist það ekki síst aukinni flugumferð bæði innan lands og yfir Atlantshafið. Eins og áður hefur komið fram voru starfsmenn hennar fjórir 1920 en voru orðnir átta um 20 árum síðar, þar af fjórir veðurfræðingar. Á stríðsárunum var mikill uppgangur í flugstarfsemi og höfðu Bretar annast þjónustu við flugið í flugturninum á Reykjavíkflugvelli. Á flugmálaráðstefnu sem haldin var í Dublin 1946 var ákveðið að Veðurstofan tæki að sér flugveðurþjónustu á

Norður-Atlantshafi. Nokkrum vikum fyrir þennan fund hafði Teresía Guðmundsson tekið við starfi veðurstofustjóra en hún var fyrsta konan í heiminum til að gegna slíku starfi. Það var síðan í september 1948 sem formlegur samningur milli Íslands og Alþjóðaflugmálastofnunarinnar var undirritaður og náði hann til flugumferðarstjórnar, fjarskiptaþjónustu og veðurþjónustu á Norður-Atlantshafi. Sérstök flugveðurstofa var sett á laggirnar á Keflavíkflugvelli og varð hún strax stærsta deild Veðurstofu Íslands. Þegar hún tók formlega til starfa 1952 voru starfsmenn Veðurstofunnar orðnir rúmlega 40. Var þessi deild á Keflavíkflugvelli rekin í nánú samstarfi við veðurstofu bandaríska hersins á vellinum.

## Eigið húsnæði

Nú tók við tímabil tiltölulega hægfara þróunar og aukinnar starfsemi á flestum sviðum auk meiri vöktunar, þjónustu og tækniframfara. Sumarið 1963 lét Teresía Guðmundsson af starfi veðurstofustjóra og við tók Hlynur Sigtryggsson yfirmaður flugveðurþjónustunnar á Keflavíkflugvelli. Hafsinn minnti rækilega á sig 7. áratug aldarinnar og tölvuöldin gekk í garð með tilheyrandi breytingum í fjarskiptum og úrvinnslu gagna. Tölvureiknaðar veðurspár litu dagsins ljós erlendis en reiknigeta tölvanna var enn afar takmarkandi og gæði tölvureiknaðra veðurspáa rýr. Margs konar tækjabúnaður sem nýttist í daglegri veðurþjónustu kom fram um þetta leyti, t.d. veðurgervihnettir, veðurratsjár o. fl. Tímamót urðu í veðurþjónustu hér á landi þegar Ríkisútvarpið hóf sjónvarpsútsendingar 1966. Frá upphafi urðu veðurfregnir í sjónvarpi fastur og vinsæll liður í dagskrá þess.

Árið 1973 rættist langþráður draumur starfsmanna Veðurstofunnar þegar stofnunin sameinaðist í nýrri byggingu við Bústaðaveg í Reykjavík. Stofnunin hafði áður verið rekin á þremur stöðum, þ.e. á Reykjavíkflugvelli, í Sjómannaskólanum í Reykjavík og á Keflavíkflugvelli. Fluttust allir starfsmenn stofnunarinnar í þetta nýja hús nema starfsmenn Veðurstofunnar á Keflavíkflugvelli. Sex árum síðar eða 1. júlí 1979 var síðan flugveðurþjónustan öll nema athugunarstarfsemin á Keflavíkflugvelli sameinuð spástarfseminni í Reykjavík.



# Þykir þér vænt um bátinn þinn?


## Bjóðum upp á hágæða efni frá International



- Perfection háglansandi polyúreþanlakk
- VC 17 Extra Teflon botnmálning sem tryggir minni olíueyðslu og meiri hraða
- Sjálfslípandi botnmálning í mörgum litum
- Teflonefni í úðabrusum á drífsköft og skrúfublöð
- Epiglass viðgerðarefni fyrir trefjaplast- og trébáta
- Hreinsiefni og bón fyrir plast og lakk
- Glær lökk og viðarolíur fyrir trébáta

# SérEfni

– tæringarvörn til sjós og lands



**Lifandi veðurkort af vefnum.** Skjámynd af óveðrinu sem skall á nú skömmu fyrir hátíðirnar

## Þróun sjóveðurbjónustu

Frá upphafi voru veðurspár einungis gerðar fyrir landið í heild og engin spá gerð fyrir miðin. Þó verður að hafa í huga að meirihluti þeirra veðurathuganastöðva sem notast var við og upplýsingum miðlað frá voru með ströndum fram. Landinu var fyrst skipt í spásvæði árið 1926 og voru spásvæðin þá átta að tölum. Árið 1951 voru minniháttar breytingar gerðar á þessari spásvæðaskiptingu sem síðan hélst óbreytt til 1980. Þann 2. desember 1950 var fyrst gerð og útvarpað veðurspá fyrir miðin umhverfis Ísland og voru spásvæðin sjö talsins: Suðvesturmið, Faxaflóamið, Breiðfjarðarmið, Vestfjarðamið, Norðurmið, Norðausturmið og Suðausturmið. Var það gert í framhaldi af formlegu samstarfi sjómanna og Veðurstofunnar, sem m.a. fól í sér að skipulagi var komið á um reglulegar veðurskeytasendingar frá íslenskum skipum. Upp úr 1960 fór Veðurstofan að gera tímabundnar veðurspár fyrir einstaka djúpmið. Þetta þróaðist síðan og jókst ár frá ári og um 1980 voru spár fyrir djúpmið allt í kringum landið orðnar fastar og reglulegar. Frá upphafi veðurspágerðar 1920 og fram yfir 1980 voru allar veðurspár á Veðurstofunni „manngerðar“, þ.e. án þess að tölvur kæmu þar nærri nema til fjarskipta.

## Fjölgun verkefna og tækniþróun í lok 20. aldar

Margs konar nýjungar og ný verkefni urðu til á Veðurstofunni á síðustu tveimur áratugum 20. aldar. Tölvuvæðingin kom þar víða við sögu og segja má að bylting hafi orðið í tækjabúnaði, gagnaöflun og úrvinnslu bæði á sviði veðurfræðinnar, jarðskjálftafræðinnar sem og vöktun á hafís og snjóflóðahættu. Mannaðar veðurathugunarstöðvar voru tölvuvæddar svo og jarðskjálftamælistöðvar, sjálfvirkar veðurstöðvar ruddu sér til rúms og veðurratsjár og vefmyndavélar komu til sögunnar. Öll fjarskipti og öll gagnaúrvinnsla varð meira og meira sjálfvirk sem og geymsla á öllum gögnum. Mannshöndin kom æ minna að sífelluverkefnum svo sem athugunum á veðri og öðrum athugunum og mælingum. Með vaxandi reiknigetun tölvu varð unnt að vinna margs konar verkefni á skömmum tíma sem vart höfðu verið möguleg áður. Á 10. ártugnum voru Veðurstofunni falin ný verkefni svo sem vöktun á snjóflóðahættu, ákvarðanir um rúmingu byggðar sem og hættumatsgerð vegna ofanflóða o.fl. Margs konar mælingar og vöktun á andrúmsloftinu hófust á þessu tímabili, s.s. mælingar á eldingum, koltvísýringi í andrúmslofti, sýrustigi og ýmsum mengandi



efnum í úrkomu auk þess sem eldri athugunum var haldið áfram eins og mælingum á ósóni sem hófust árið 1952. Á haustmánuðum 1989 lét Hlynur Sigtryggsson af starfi veðurstofustjóra og við tók Páll Bergþórsson. Gegndi hann starfinu til ársloka 1993 er Magnús Jónsson tók við.

## Sjálfvirkar veðurspár


Eftir 1985 má segja að tölvureiknaðar veðurspár hafi fengið sífellt meiri þýðingu. Sérstakar sjóveðurspár fyrir mið og djúp voru teknar upp 1994 þegar Veðurstofan kom upp beinni fjarskiptalínu við Veðurspámiðstöð Evrópu, ECMWF sem Ísland á aðild að. Hafa veðurspár tekið stórstígu framförum með nánast ári hverju síðan. Hluti af þessum framförum veðurspáa byggist á norrænu samstarfi sem hófst árið 1985 um þróun háupplausnar veðurspálíkans HIRLAM (síðar HARMONIE). Þetta samstarf hefur síðan bæði vaxið að umfangi og samstarfsþjóðum fjölgað í tíu. Síðan um aldamót eru niðurstöður úr reikningum með þessu spálíkani orðnar megingögn við alla veðurspágerð hér á landi. Er nú svo komið að sjálfvirkar veðurspár, sem „keyrðar“ eru nokkrum sinnum á sólarhring á ofurtölvu dönsku veðurstofunnar, er staðsett á Veðurstofu Íslands. eru þær orðnar svo nákvæmar að mannhöndin nær litlu við að bæta. Auk nákvæms spálíkans og öflugra tölva skiptir líka miklu að meginhluti veðurathugana við veðurspágerð er nú aflað með fjarkönnun, bæði utan úr geimnum og með sérstökum veðurratsjám.

Eftir að Veðurstofan komst í beint fjarskiptasamband við Veðurspámiðstöð Evrópu 1994 þróaði Siglingastofnun (síðar Vegagerðin) í samstarfi Veðurstofuna upplýsingakerfi með ölduspám og upplýsingum frá öldudufnum ásamt veðurupplýsingum frá annesjastöðvum. Hefur það verið mikið notað af sjómönnum og öðrum sæfarendum.

## Myndræn miðlun upplýsinga

Árið 2003 hafði Veðurstofan frumkvæði að samstarfi nokkurra stofnana (Vegagerðin, Flugmálastofnun, Siglingastofnun og Háskóli Íslands) um að þróa nýtt upplýsinga- og gagnavinnskakerfi sem ætlað var að nota við að

reikna og miðla sjálfvirkt veðurspám og öðrum gögnum á veraldarvefnum. Þann 31. maí 2007 urðu mikil tímamót í veðurbjónustu og raunar margs konar annarri þjónustu Veðurstofunnar við almenning, þegar nýr gagnvirkur vefur [www.vedur.is](http://www.vedur.is) var formlega opnaður af þáverandi umhverfisráðherra, Sigríði Önnu Þórðardóttur. Var þar m.a. hægt að afla veðurspáa í einnar klst. upplausn og varð Veðurstofan fyrsta ríkisveðurstofan í Evrópu til að veita slíka þjónustu. Tveimur árum síðar opnaði norska veðurstofan og norska ríkisútvarpið



*Páll Bergþórsson. Svona leit þetta út í sjónvarpi. Stöngin hallar sér undan vindi*

sameiginlegan veðurvef [www.yr.no](http://www.yr.no) sem talinn er vera einn besti veðurvefur í heimi. Strax í upphafi var vefurinn [www.vedur.is](http://www.vedur.is) mikið notaður og var hann valinn besti opinberi þjónustuvefur Íslands 2007. Hefur hann æ síðan verið mjög vinsæll, ekki síst af sjómönnum.

## Sameining við Vatnamælingar

Árið 2008 ákváðu stjórnvöld að sameina Veðurstofuna og Vatnamælingar Orkustofnunar í nýja stofnun með nafni Veðurstofu Íslands. Magnús Jónsson lét af starfi veðurstofustjóra í lok árs 2008 en Árni Snorrason forstöðumaður Vatnamælinga varð forstjóri nýrrar Veðurstofu. Mikil og jákvæð samlegð var af þessari sameiningu enda eiga vatnamælingar og margs konar úrvinnsla og þjónusta sem byggist á vatnafræði nána tengingu við veður, veðurfar,



**Brjálað veður 1991.** Það hefur oftast en nú í desember hvesst svo um munar á landinu bláa.

snjóflóð, jarðskjálfta, eldgos og fleiri þætti sem Veðurstofan hefur unnið með allt frá stofnun. Á þeim liðlega áratugum sem liðinn er frá þessari sameiningu hafa margs konar rannsóknir, innlendar sem alþjóðlegar, ekki síst á sviði eldgos- jarðskjálfta- og loftslagsmála, orðið æ fyrirferðarmeiri í starfsemi Veðurstofunnar. Þá hefur stofnuninni verið falið að annast víðtækt mat á margs konar náttúruvá, hliðstætt því sem gert var á sviði ofanflóða eftir snjóflóðin miklu á Vestfjörðum 1995. Þannig er nú unnið að því að kortleggja og meta áhættu af völdum eldgos, jökulhlaupa, vatnsflóða og sjávarflóða fyrir allt landið.

Alþjóðlegt samstarf hefur vaxið verulega á þessu tímabili og er Ísland m.a. orðið fullgildur aðili að veðurgervihnattasamstarfi Evrópu EUMETSAT auk þess sem gerður var samningur við DMI um rekstur ofurtölvu á Veðurstofunni, sem áður var minnst á . Þar eru reiknaðar veðurspár í hárrí upplausn fyrir allt Norður-Atlantshaf frá Grænlandi í vestri til Danmerkur og Eystrasalts í austri auk þess sem margs konar reiknilíkön á ýmsum fagsviðum stofnunarinnar eru keyrð á þessu mikla reikniverkfæri.

Nú á aldarafmæli Veðurstofunnar eru starfsmenn hennar um 140 og er stofnunin með starfstöðvar á fjórum stöðum á landinu, þ.e. í Reykjavík, á Ísafirði, á Keflavíkurflugvelli og á Akureyri.

## Lokaorð

Eins og áður hefur komið fram krafðist sjósókn við Ísland gríðarlega fórn um það leyti sem Veðurstofa Íslands tók til starfa fyrir einni öld. Þó var þá búið að vélvæða stóran hluta fiskiskipa og allstórir togarar komnir til veiða. Náttúrulegar aðstæður við sjómennsku voru þá að mörgu leyti ólíkar því sem er í dag og munar þar kannski mest um sjávarhitann og þar með ísinguna að vetrarlagi. En með bættem skipakosti, batnaði björgunarbúnaður um borð og mun betri veðurspár fækkaði sjóslýsum á Íslandsmiðum jafnt og þétt eftir síðari heimstyrjöldina. Um 1970 eða um 50 árum eftir stofnun Veðurstofunnar hafði þeim fækkað mikið og voru þau komin niður í það, að 20-25 sjómenn fórust að jafnaði við störf sín á ári hverju hjá þjóð sem þá taldi um 200.000 manns. Auðvitað var það allt of mikil blóðtaka en mikið hefur áunnist á síðustu áratugum. Það er því sérstakt ánægjuefni að nú á aldarafmæli Veðurstofunnar skuli árlegur mannskaði á sjó vera kominn niður undir núll. Þar skiptir auðvitað margt máli eins og miklu betri skip og búnaður, betra eftirlit með bátum á sjó hjá Vaktstöð siglinga, öflugur björgunarbúnaður Landhelgisgæslu, stórbætt menntun sjómanna í gegnum Björgunarskóla Slysavarnarfélagsins sem og stjórn fiskveiða. En gríðarlegar framfarir í veðurspám og annarri veðurbjónustu á hér einnig stóran hlut að máli. Er ekki á neinn hallað þótt því sé haldið fram fátt hafi fækkað slysum meira, bæði á sjó og í landi en starfsemi og bjónusta Veðurstofu Íslands.

2. desember 2019  
Magnús Jónsson



Við óskum öllum sjómönnum  
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári



## FÆRAVINDUR

TRAUST  
HAGKVÆMNI  
ENDING



## ÞJÓNUSTA

LÁTIÐ OKKUR YFIRFARA FÆRAVINDURNAR  
SVO ÞÆR VERÐI TILBÚNAR FYRIR  
NÝTT VEIÐITÍMABIL Í VOR

GLERBLÁSUM OG ENDURMÁLUM  
ELDRI FÆRAVINDUR



UMHVERFISVÆNAR VEIÐAR

Naustatanga 2 • 600 Akureyri • Iceland  
Tel: +354 460 2900 • Fax: +354 460 2901

dng@dng.is  
www.dng.is



**Sigurjón Þórðarson, líffræðingur**

## Grásleppurannsóknir og sveigjanlegri veiðistjórn

**Á** vegum Biopol á Skagaströnd hafa farið fram mjög áhugaverðar rannsóknir á grásleppu, m.a. með merkingum á fiskinum sem varpa nýju ljósi á líffræði og veiðialag. Það er til fyrirmyndar að greinarnar hafa verið birtar í vísindaritum og eru jafnframt mjög aðgengilegar á vefnum Biopol.is.

Umrætt vísindastarf Biopol undirstrikar nauðsyn þess að losa um miðstýringu á hafrannsóknnum og að aukin áhersla verði lögð á að rannsaka líffræðilegar forsendur reiknilíkana sem unnið er með. Með því er opnað á uppbyggilega gagnrúni til framþróunar á líffræðilegum forsendum veiðiráðgjafarinnar.

Í stuttu máli benda merkingatilraunirnar á Skagaströnd eindregið til þess að bæði stofnmat grásleppu og veiðiráðgjöf Hafró sé ágiskun og aðferðafræðilega rangt.

### Gróft ofmat á áhrifum veiða á grásleppu

Í tækniskýrslu Hafró frá mars 2018, þar sem gerð er grein fyrir forsendum ráðgjafar stofnunarinnar, segir að gert sé ráð fyrir að svokölluð fiskveiðidánartala verði um 0,75. Engar skýringar eru gefnar fyrir háu veiðihlutfalli sem

stofnunin gefur sér. Ef forsendurnar væru réttar þýddi það að liðlega helmingur af öllum grásleppum í hafinu veðist – ár hvert.

Þessar forsendur Hafró stangast á við merkingatilraunir Biopol. Á árunum 2008–2014 voru merktar 9.710 grásleppur og ef þessar forsendur í tækniskýrslu Hafró væru réttar ættu endurheimtur merkja að vera hátt í 50% – ár hvert. Niðurstöðurnar voru að einungis 880 merki endurheimtust, þ.e. 9,1% merkjanna. Niðurstöðurnar gefa skýrt til kynna að Hafró ofmetur stórlega veiðihlutfallið.

Það er vissulega úmislegt sem getur haft áhrif á niðurstöður og þá í báðar áttir, m.a. ef skil á merkjum eru ekki fullnægjandi. Þá má ætla að merkingatilraunin gefi of lágt mat á veiðihlutfalli. Á hinn bóginn má ætla að merktri grásleppu sé sleppt mjög nálægt veiðistað og þar sé meiri þéttleiki af netatrossum en að jafnaði við strendur landsins sem ætti aftur að leiða til þess að veiðihlutfallið sé ofmetið. Hvað sem líður öllum vangaveltum um of- eða vanmat gefa niðurstöðurnar skýrt til kynna að áhrif veiða séu verulega ofmetin.



## Tækifæri til aukinnar sóknar og sveigjanleika veiðanna

Í skýrslu James Kennedy og Halldórs G. Ólafssonar, sérfræðinga Biopol, frá árinu 2018 er góð samantekt á minnkaðri sókn í grásleppu. Skýrslan varpar jafnframt skýru ljósi á að megnið af grásleppunni drepst að lokinni hrygningu.

Minnkuð sókn seinni ára gefur augljóslega til kynna að ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að bjóða upp á mun meiri sveigjanleika og lengja veiðitímabil báta. Lenging veiðitímabils hvers báts gæfi sjómönnum kost á að draga úthaldið í land ef spád er illviðri. Einnig mætti vera meiri sveigjanleiki til að gera hlé á veiðum vegna ótíðar eða ófyrirséðra atburða sem geta komið upp, t.d. veikinda eða bilana.

## Engin líffræðileg rök fyrir því að byggja veiðiráðgjöf að hluta á stofnmati frá árinu áður

Fram kom að af 10.700 grásleppum sem voru merktar á árunum 2008–2017 endurheimtust einungis 89 stykki (0,8%) á vertíðinni ári seinna og engin að tveimur árum liðnum. Þessar niðurstöður tala sínu máli um fátíðni á því að ákveða veiði yfirstandandi vertíðar út frá mælingum frá fyrra ári. Samkvæmt aðferðafræði Hafró er stofnmat frá árinu áður látið hafa 30% vægi á móti 70% vægi stofnmats yfirstandandi árs, í útreikningum á veiðiráðgjöf Hafró.

Þetta er að hluta til skýrt með því að Hafró játar að stofnmatið byggir á mikilli óvissu. Í sjálfu sér er sérkennileg nálgun að leiðrétta óvissu með upplýsingum sem vitað er að hafa nákvæmlega ekkert gildi, þ.e. stofnmati frá árinu áður.

## Vísitala hrognkelsa er ágiskun sem segir hvorki til um stofnstærð né ráðlagða veiði

Því nánar sem þau gögn sem liggja til grundvallar á stofnmati Hafró á lífmassa grásleppu eru skoðuð, þeim mun skýrara verður hversu mikið gisk út í loftið stofnmatið er. Það er ljóst af þeim rannsóknum sem liggja fyrir að dauði af völdum fiskveiða er stórlega ofmetinn og að dauði hrygndrar grásleppu af öðrum orsökum en vegna



Sigurjón Þórðarson gagnrýnir harðlega aðferðir við stofnmat hrognkelsis

veiða er stórlega vanmetinn. Ætla má að a.m.k. 90% drepist í kjölfar hrygningar. Það er einnig afar sérkennilegt að vísindastofnun á sviði náttúrufræða slái einhverju fram um ráðlagða veiði og áætlaða stofnstærð án þess að leggja til grundvallar, aldur fiska, vöxt og hve mörg ár það tekur grásleppu og rauðmaga að verða kynþroska eða samkeppni grásleppu við aðrar tegundir um fæðu! Framangreindum spurningum er flestum ósvarað.

Sjálfráfræðin er afar brött, þ.e. að byggja niðurstöður á því hvað veiðist af grásleppu í stofnmælingu botnfiska (togararallinu). Það er vægast sagt furðulegt að beita mælingum sem gerðar eru við botninn til að meta stofnstærð hrognkelsis sem heldur sig í yfirborði sjávar utan hrygningartímans.

## Tækifæri til breytinga

Stjórnvöld hafa tækifæri til þess að gera veiðarnar arðvænlegri og hefur hér að framan verið rökstutt að óhætt sé að lengja veiðitímabil verulega. Það blasir sömuleiðis við að hægt er að gefa útgerðum grásleppubáta auknar heimildir til þess að landa meiri meðafla og fénýta hann í stað þess að andvirði aflans renni til opinberra sjóða eins og nú er.

Ef stjórnvöld vilja stuðla að nýliðun og tryggja byggðafestu ásamt því að auka útflutningstekjur þjóðarbúsins er um að gera að grípa grásleppuna á meðan hún gefst.

Sigurjón Þórðarson  
líffræðingur



**Jón Kristjánsson fiskifræðingur:**

## Færeyskir fiskifræðingar missa af lestinni- einu sinni enn

**Þ**að hefur verið landburður af þorski og ýsu í Færeyjum sl. 2 ár. Heildaraflinn er hinsvegar ekki mikill vegna þess að flotinn hefur minnkað um helming á sl. 10 árum og fiskidögum fækkað úr 40 þúsund í 16 þúsund.

Þessa dagana er ástandið við Færeyjar í hæsta máta óvenjulegt og ótrúlegt.

Með haustinu fór mikið af þorski að ganga inn á grunnslóðina, inn í firðina og upp að bryggjum til að leita að æti. Stór torfa af grindhoruðum þorski var mynduð við bryggjuna í Sörvogi og bátar fylltu sig í höfninni í Vestmanna. Gömul hjón fóru út á árabát í Kollafirði og fylltu bátinn af þokkalegum fiski en í maga hans var smáfiskur öldósir og rottur.

Krókabátarnir undir 15 tonnum eru búnir með dagana sína og liggja nú bundnir við bryggju fram á næsta ár, fari svo fram sem horfir.

### Þetta á sér nokkra forsögu:

Fyrst má telja að ég flutti erindi á ráðstefnu í Runavík í Færeyjum haustið 2016 og rakti þá m.a. hvernig þorskurinn hefði fallið úr hungri vegna

vanveiði frá árinu 2003. Þá hélt yfirsérfræðingurinn á Fiskirannsóknastofunni í Færeyjum því fram að þorskstofninn við Færeyjar hefði aldrei í sögunni verið minni en einmitt þetta ráðstefnuhaust.

Í júní 2017 þegar ráðgjöfin kom frá sérfræðingunum um veiðar 2018 höfðu línu- og færabátar verið í mokfiski í lengri tíma. Ráðgjöfin var ekki bjartsýn en þar sagði m.a.:

“Ýsustofninn hefur aldrei verið minni en nú en vísbinding er um að 2015 árgangurinn sé sæmilegur og að 2016 árgangurinn góður. Ef smáýsan fær að bætast við stofninn fer stofninn vonandi vaxandi næsta ár. Þorskstofninn er einnig slakur og verið í lágmarki frá 2005. Nýliðun hefur heldur lagast og 2016 árgangurinn er heldur betri en þeir á undan en mælist þó undir meðaltali og horfur ekki góðar. Mælt er með því að dregið verði úr sókn”

Í ráðgjöfinni ári seinna, fyrir árið 2019, sagði að eftir margra ára lélega nýliðun í þorski og ýsu væri kominn viðsnúningur. Nýliðun hefði batnað og mælingar sýndu að 2016 árgangar beggja



tegunda væru yfir meðallagi og 2017 árgangar væru vel yfir meðallagi og stofnarnir í vexti.

Fæðuástand hefði verið sérlega gott árið 2017 og fiskurinn vel haldinn af sandsíli. Árið 2018 var síli í fiskmögum fram eftir vori en minnkaði svo mikið í ágúst. Síllaskorturinn veldur því að fiskurinn fer að taka betur á krókinn en þegar hann hafði nóg að éta segja fiskifræðingarnir.

Þarna hefði nú einhver mátt fara að hugsa sinn gang, sílið upp étið. En svo var ekki því í ráðgjöfinni sagði að það bæri að draga úr sókn, fækka fiskidögum enda hefðu þeir ekki allir verið notaðir. Það var á tíma fiskleysis þegar tók því ekki að fara á sjó. Þetta þýddi 40% niðurskurð.

Auk þess leggja þeir til að dögum verði fækkað 2019 um 30% hjá öllum skipaflokkum miðað við árin "16/"17 og rökstutt þannig að aflabrógðin verði betri á önglaveiðum vegna þess að fiskurinn sé hungraður eftir að sandsílastofninn sé nær horfinn (uppétinn, aths. höfundar).

Og til þess að vernda uppvaðandi ungvíði þorsks og ýsu er lagt til að vernda smáfiskaslóðir. Þá þarf varla að taka fram að lagt er til bann við þorskveiðum á Færeyjabanka eins og sl. 20 ár, þrátt fyrir að nóg sé þar af öðrum tegundum og vitað að botninn er teppalagður af skötu.

Ekki er laust við að kalt vatn renni niður eftir bakinu á manni við svona ráðgjöf og er þó höfundur ýmsu vanur í þeim efnum. Sprenging í nýliðun 2 ár í röð enda fæðuástan gott, sandsílið étið upp af ört vaxandi fiskstofnum á rúmu ári og fiskurinn orðinn hungraður. Þá skal draga saman sóknina og friða smáfisk!

## Skellurinn kom strax árið eftir því eftir ralltúrinn í ágúst sl. sagði:

*Niðurstöður úr ágústrallinu benda til þess að hin mikla þorsk- og ýsugegnd hafi snúist við og stofnarnir séu á niðurleið þó mikið sé af báðum tegundum. Það jákvæða er að mikið er af smáþorski.*

Fæðurannsóknir sýndu að mjög lítið var af sandsíli og krabbadýrum við botn. Vegna þessa voru bæði þorskur og ýsa mjög horuð. Þorskur á venjulegri línuslóð var jafn horaður og hann var



Jón Kristjánsson, fiskifræðingur ósáttur við þróun mála í Færeyjum

árið 2003, sem var versta holdafar síðan mælingar hófust árið 1996. Þetta er aðal ástæðan fyrir góðum línuafli þorsks því þorskur tekur beituna vel þegar hin náttúrulega fæða bregst (er upp étin, aths. höfundar).

Ég man vel eftir árinu 2003. Þá var ég við ráðgjöf í Færeyjum, sá hvað þorskurinn var orðinn horaður og lagði því til 15% sóknaraukningu, þorði ekki að fara hærra.

Sagði að minnkandi þorskveiði væri ekki vegna ofveiði, eins og haldið var fram af færeysku Fiskirannsóknastofunni og ICES, heldur væri um að kenna hungri. Veiðarnar hefðu ekki náð að halda aftur af fjölgun stofnsins og hann væri að éta sig út á gaddinn. Það var ekki farið eftir ráðum mínum og afleiðingin varð 12 ára niðursveifla.

Núna eru fræðingar og stjórnálamenn búnir að gera þetta aftur. Þorskurinn er að drepast úr hungri og það er eins víst og nótt fylgir degi að stofninn mun hrynja. Fyrir þessa vitleysu fiskifræðinganna tapast milljarða verðmæti í afla með öllu sem því fylgir.

Litlar sem engar líkur eru á að þeim verði hegnt fyrir þetta. Til þess eru stjórnálamenn of miklir aumingar. En reyndar stendur til að verðlauna þá með nýju rannsóknaskipi!

**Jón Kristjánsson,**  
fiskifræðingur



Sveinbjörn Jónsson er tæpitungulaus, að venju

# Að frysta frelsið

**Í** heimi nútímans er offramboð mjög ríkjandi ástand á mörgum sviðum. Ekki tel ég á neitt svið hallað þó ég telji þar fremst í flokki græðgina og menntunina.

## Græðgin og menntunin

Frá örófi alda hefur græðgin haldið þessari stöðu að jafnaði en á seinni öldum hefur menntunin verið að færa sig upp á skaftið.

Drifkraftur græðginnar er fíkn í völd og fé sem hefur þau einkenni eins og önnur fíkn að fórnarlambið þarf alltaf stærri og stærri skamta.

Drifkraftur menntunarinnar er af svipuðum rótum en þar er birtingarmyndin oftari einkaréttur á forsendum menntunar eða forræðishyggja byggð á meintum yfirburðum vísindanna.

Á síðustu öldum hefur mannkynið margoft þurft að takast á við einhverjar afleiðingar þessara fyrirbæra, stundum með skelfilegum afleiðingum. Það sem gerir menntunina varasama er hversu vel henni tekst að dylja raunverulegan tilgang sinn. Þegar búið er að festa í lög samfélaganna einkarétt til flestra athafna á forsendum menntunar, sem að sjálfsögðu er á kostnað

frelsis almennings, þá eru vísindin notuð til að réttlæta forræðishyggjuna og boðum og bönnum beitt ótæpilega til að takmarka frelsi almennings enn frekar.

## Kvótakerfin

Alvarlegasta fyrirbæri þess sem ég er að lýsa eru svokölluð kótakerfi sem tröllríða nú veröldinni og eru ekkert annað en samsæri græðginnar og vísindanna gegn frelsinu.

Undir lok tuttugustu aldar gerðust Íslendingar brautryðjendur á þessu sviði með upptöku hins skelfilega Aflamarks-kerfis í fiskveiðum. Hungurleikar hafsins hófust með upptöku veiðiréttar af sjávarbyggðum landsins og brjáláðri samkeppni um hann sem fóðruð var af bönkunum. Leikurinn er í eðli sínu stundarfyrirbrigði vegna þess að þegar sá minnsti er fallinn er sá næst minnsti orðinn minnstur og röðin komin að honum.

Jafnframt er ljóst að fíklarnir þurfa alltaf stærri og stærri skamta og svífast einskis til að uppfylla þá þörf eins og dæmin sína. Íslenska þjóðin ætti að vera búin að sjá nóg af þessu samsæri græðginnar og vísindanna, en almenningi er talin trú um að hann geti fengið



hlutdeild í ránsfengnum og því heldur vitleysan áfram löngu eftir að hún hefur afhjúpað eðli sitt og lífrænt árangursleysi. Þrátt fyrir að kerfinu sé haldið gangandi með undanþágum er lokamarkmiðið einfalt. Frelsið til að veiða fisk skal fært frá almenningi til hinna ofurríku og fátækum bannað með öllu.

Nú eru það kolefniskótarnir og stríðið um þá. Miðað við byrjunina ar augljóst að hér er um sama leikinn að ræða. Almennings og fátækum er gert erfiðara að ferðast og hinir ofurríku fljúga á einkaþotum milli landa til að reyna að þvinga fram löggjafir og skatta sem koma með öllu í veg fyrir að hinir fátæku geti ferðast. Lokatakmarkið virðist augljóst. Sífelt stærri hluti mögulegra athafna hér á jörð er eingöngu ætlaður þeim ofurríku og bannaður fátæklingum með öllu. Líttill eða enginn áhugi virðist vera á að moka ofan í óþarfa skurði, sem margir telja mun fljótvirkara og áhrifaríkara, enda gefur það síður tilefni til að skattleggja og skerða frelsi almennings og fátækra.

Vísindamennirnir vonast til að fá að fljóta með hinum ofurríku og þjóna því málstaðnum út í

ystu æsar. Skyldi engum þeirra hafa dottið í hug að rannsaka hversu ábyggilegir fíklar eru sem samstarfsaðilar?

## Frelsið og vatnið

Allir ættu að hafa í huga að eiginleikar frelsisins gera það óheppilegt til innpökkunar og sölu. Það virðist í fljótu bragði hafa ýmsa af eiginleikum vatnsins og því freistandi fyrir gráðugar sálir að frysta það og saga niður í stykki og selja til hæstbjóðanda. En til þess að tryggja varanleika vörunnar verður að viðhalda frostinu og það kann að reynast erfitt til lengri tíma litið.

Frelsið er það ástand sem hefur gert okkur kleyft að takast á við síbreytileg viðfangsefni veraldarinnar og allar tilraunir til að búa til forræðishyggjukerfi til að leysa það af hólmi hafa mistekist hrapalega og með hörmungum. Veröldin var, er og verður síbreytileg og hvorki ótti hinna ofurríku við að glata forréttindum sínum né forræðisþráhyggja vísindamanna eru nægar ástæður til að gefast upp á frelsinu.

Lifið heil, Sveinbjörn Jónsson

The advertisement features a large image of a white fishing boat with a red cabin and a red crane, sailing on the water. The boat has 'TREFJAR' on the side, 'CEOPATRA 50B' on the cabin, and 'N-31-Ø' on the hull. In the top right corner, there is a logo for 'H&N' with a stylized fish icon. The background shows a coastal town with houses and trees under a blue sky.

# Hook & Net

Fáðu alþjóðlegar fréttir  
úr sjávarútvegi beint  
í símann!

[mag.hookandnet.com](http://mag.hookandnet.com)

ANDROID APP ON  
Google play

Download on the  
App Store



**Pistill frá Auðunni Konnráðssyni:**

## Veiðar smábáta í Færeyjum

Í færeyska fiskveiðidagakerfinu teljast smábátar vera bátar undir 15 tonnum.

### Þeim er skipt í tvo flokka:

Flokk A (atvinnumenn) og flokk B (aðrir). Flokkur A á 40% af fiskveiðidögnum og flokkur B 60%. Það eru 10220 dagar í sameiginlega pottinum.

Smábátarnir veiða nær eingöngu á handfæri og línu, þar sem dragnót og net eru bönnuð.

Veiðarnar í ár (2019) hafa gengið framur öllum vonum. Þorskurinn kom snemma, en var mjög horaður. Hann gekk upp í landsteina og hefur

verið veiddur af bryggjum um allar Færeyjar. Auðséð var að þorskurinn var í fæðuleit og voru margir smeykir um framhaldið.

Sem betur fer fór sandsílið að láta sjá sig stuttu síðar og fiskurinn lítur vel út sem þetta er ritað. Bátarnir sem eru á línu hafa verið að fá tvisvar til þrisvar sinnum meira á bjóðið en í meðalári. Færabátarnir fiska líka vel.

Smábátarnir veiddu 2777 tonn af þoski og 624 tonn af úsu á árinu 2018. Það sem af er ári 2019 hafa þeir veitt 6939 tonn af þoski og 1424 tonn af úsu. Aukningin í þoski er tæp 130% og nánast nákvæmlega sú sama í úsu.

Eftir nokkur léleg fiskiár hefur verið meiri þoskgengd en menn muna eftir og þoskurinn er að miklum hluta inn við ströndina. Smábátarnir leggja línur sínar aðeins nokkur hundruð metra frá bryggjunum.

Fiskidagarnir í flokki B eru búnir og óvíst hvort fleiri dögum verði úthlutað til þeirra á þessu ári.

Ýsuveiðin er mikið betri en undanfarin ár. Með nokkura ára millibili hefur sést mikið af smáýsu en hún hefur ekki skilað sér í afla - fyrr en nú.

Sjómenn hafa lengi haldið að eitthvað sé bogið við ástandið í sjónum. Sjófuglar eins og lundi og svartfugl sjást varla og miklar sveiflur hafa verið í veiðum á botnfiski.

Engar skýringar hafa fengist á þessu. Annars líta smábátasjómenn í Færeyjum framtíðina björtum augum. Eins og oft var sagt eftir langvarandi fiskleysi: þetta kemur með stórstraumnum.

**Auðunn Konráðsson**



**Auðunn Konráðsson** var um árabíl formaður Meginfélags útróðramanna í Færeyjum - systursamtaka LS

**Óskum sjómönnum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs!**



**JÓL  
2019**







Magnús Jónsson, Björn Jónsson, Huld Magnúsdóttir og Karl B. Björnsson. Björn Jónsson skrifar:

## Hefring Marine, siglingar- og flotastjórnunarkerfi

Á síðasta ári voru tilkynnt og skráð 157 slys og atvik tengd siglingum hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa. Þau voru 136 árið á undan og 104 árið 2016. Þeir sem til þekkja telja að þetta sé einungis hluti þeirra slysa og atvika sem hafa átt sér stað á þessu tímabili. Til að stuðla að fækkun sjóslysa og alvarlegum áverkum hefur Hefring ehf, sem er íslenskt sprotafyrirtæki unnið síðustu tvö árin að þróun á siglingar- og flotastjórnunarkerfi sem hentar fyrir báta og smærri skip, svo sem fiski- og farþegabáta sem og ýmiss konar vinnu- og aðgerðabáta.

Siglingarkerfið Hefring Marine kemur á markað í ársbyrjun 2020. Það er þróað til að auka næmni skipstjórnenda á aðstæðum. Kerfið er samsett af tveimur þáttum. HM Captain vinnur úr gögnum sem safnað er á meðan á siglingu stendur og

birtir í rauntíma á skjá, leiðbeinandi upplýsingar um ölduhögg og hraðaviðmið sem miðast við veður og sjólag og aðvarar skipstjórnarmenn og flotastjóra ef farið er yfir skilgreind háskamörk. HM Captain getur dregið úr líkum á slysum sem orsakast af vanmati á aðstæðum og hraða sem leitt geta til óhóflegs álags á stoðkerfi eða meiðsla þeirra sem um borð eru. Sama gildir um bát og búnað. Færri og minni ölduhögg draga úr álagi og lækkar viðhaldskostnað.

Gögn um ferðina eru send í flotastjórnunarkerfið, HM Admin. Þar geta skipstjórnar, flotastjórnar og bátseigendur nálgast sínar skýrslur, skoðað og greint hverja sjóferð og bát, ásamt því að skoða ítarlegar upplýsingar um raun- og ráðlagðan hraða, ölduhögg, veður og sjólag í hverri siglingu. HM Admin kerfið heldur utan um alla báta og býður einnig upp á atvikaskráningu fyrir

## PS5002 VIKING PU Húðaður Nylon Flotgalli



### VIKING PU Húðaður Nylon Flotgalli

**Fjölpátta flotgalli með tvöfaldri einangrun sem hentar vel við íslenskar aðstæður. VIKING PS5002 uppfyllir allar kröfur sem gerðar eru til staðals og meira til. Flotgallinn er með innbyggt flot í baki sem gerir það að verkum að þú getur notað hann án björgunarvestis, það getur skipt sköpum við neyðaraðstæður!**

- Flotgallinn er samþykktur af SOLAS og Siglingastofnun Íslands
- Flot innbyggt í baki
- Marglaga einangrun
- Stillingaról fyrir misjafnar stærðir
- Losanlegir hanskar auðvelda þér að fara í gallan
- Hífilína, félagalína ásamt neyðarljósi
- Fáanlegur í lofpéttum umbúðum
- Stærð: 140-200 cm  
Yfirstærð: 190-210 cm

**Má nota án  
björgunarvestis**







**Svona lítur þetta út: minna tækið er um borð og hitt fyrir flotastjóra í landi**

hverja siglingu. Skýrslurnar eru gagnlegar til að greina og meta hversu nákvæmlega var farið eftir ráðleggingum HM Captain kerfisins og hvað mætti betur fara í næstu siglingu, með það markmið að draga úr miklum höggum og hraða.

HM Captain endurreiknar í sífelli leiðbeinandi hámarkshraða en umtalsverðri orku er sóað þegar bát eða skipi er siglt í öldur á meiri hraða en æskilegt er og hagkvæmt miðað við ríkjandi sjólag. Að draga úr hraða, með réttri notkun kerfisins, getur dregið úr eldsneytiseyðslu og lækkað rekstrar- og útgerðarkostnað.

HM Admin kerfið er hægt að setja upp fyrir einn eða fleiri báta í og skráir hvern skipstjóra og hvern bát. Öll gögn sem kerfið safnar auka greiningargetu þess. Þannig geta allir skipstjórnendur báta og skipa á tilteknu svæði sem nota Hefring Marine öðlast betra næmni fyrir aðstæðum en ella. Í næstu útgáfum verður meðal annars innleidd aukin greiningargeta með hjálp gervigreindar til að greina og leiðbeina um sjólag og hreyfingu báta og skipa með tilliti til eldsneytisnotkunnar, hraða, hleðslu og veltings. Undirbúningur að þróun á næstu útgáfu af Hefring Marine, siglingar- og flotastjórnunarkerfinu er þegar hafin. Sú útgáfa verður kynnt seint á næsta ári.



# Umbúðamiðlun ehf

s: 555 6677

umb.is

*Okkar umbúðir eru ætlaðar undir matvæli  
Vinsamlega skilið tónum umbúðum strax á næsta fiskmarkað*







*Starfsfólk Skeljungs óskar  
landsmönnum gleðilegra jóla  
og farsæls komandi árs*



**Skeljungur**



**Quentin Bates, ritstjóri Hook & Net:**

## Tækifæri eða hörmungar?

**F**yrr rúmum þremur árum kaus breskur almenningur með naumum meirihluta að Bretland skyldi ganga úr Evrópusambandinu. Afstaða fólks var í ökla eða eyra: annað hvort myndu skapast hafsjór tækifæra eða stórslys væri í uppsiglingu.

Bretland er í undarlegri stöðu. Annarsvegar er það innflytjandi sjávarafurða á þorski og ýsu frá Íslandi og Noregi ásamt tegundum eins og túnfiski og laxi. Hinsvegar er Bretland útflytjandi tegunda sem ekki er mikil hefðbundin neysla fyrir eins og sólkola, skötusel, lýsingi, skelfiski og krabba. Þessar tegundir eru engu að síður mjög vinsælar í Frakklandi og á Spáni.

Stærstur hluti breskra sjávarútvegsfyrirtækja hlakka til þess að þau hafi ein aðgang að breskum fiskimiðum, þrátt fyrir að vitað sé að

þetta geti orðið skiptimynt í endalausum samningaviðræðum stjórnámálanna til að ná betri samningum um alls óskyld mál.

Þar sem lang stærsti hluti kvótanna eru í eigu stórskipaflotans, treystir strandveiðiflotinn á skelfiskveiðar – krabba- og humarveiðar.

Óvissan sem þeir standa frammi fyrir er hvort þeir haldi óhindruðum aðgangi að lykilmörkuðum í Evrópu. Í þessu sambandi er ekki aðeins um að ræða tollahindranir, þó vissulega sé það höfuðverkur sem þarf að finna eitthvað verkjastillandi við, heldur og ekki síður seinkanir á afhendingu í höfnum (varan lifandi og hefur því takmarkað geymsluþol), margfalt flóknara skýrslufargan, hertar kröfur um hreinlæti og heilbrigðisvottorð.



# Gleðilega hátíð







*Breskur smábátæigandi að landa krabba*

Í söluferli sem byggir á því að skila vörunni á réttum tíma er augljóst að fullur gámabíll af lifandi krabba þarf síst af öllu á því að halda að lenda í töfum á landamærunum á leið sinni t.d. til Spánar. Kaupendurnir munu einfaldlega hætta að taka þá áhættu að krabbinn drepist á leiðinni og því einskis virði við komuna. Breskur sjávarútvegur hefur til langs tíma litið á Brussel sem óvin, þrátt fyrir þá staðreynd að fiskveiðistjórnunin við strendur Bretlands sé að lang mestu leiti í höndum breskra yfirvalda. Evrópusambandið skiptir sér ekki í smáatriðum af því hvernig aðildarríkin stjórna sínum fiskveiðum. Raunveruleikinn er sá að megin vandamálín sem blasa við breska fiskveiðiflotanum, ekki síst vegna hins gríðarlega ójafnvægis milli stórskipaflotans og hinna smærri útgerða, er heimatilbúið vandamál sem bresk yfirvöld hafa forðast eins og heitan eldinn að takast á við.

Sökinni hefur hinsvegar verkið skellt á skrifræðið í Brussel. Skrifræðið í Whitehall og breskir þingmenn hafa fimlega vikið sér þar undan.

Þeim síðarnefndu verður þó að segja til hróss að þeir sýna málefnum fiskveiðanna einarðan áhuga í nokkrar vikur í aðdraganda kosninga.

**Quentin Bates, ritstjóri Hook & Line**

# BJ5000EX

Handfæra vinda  
Fyrsta nýngin í færaveiðum  
í yfir 20 ár  
Ný hönnun  
Sterkari mótör  
Stærri skjár

**SJÓVÉLAR**

Skútuvogi 12 · Sími: 553-3311 · [www.sjo.is](http://www.sjo.is)

# Eflum strandveiðar!

**Andri Viðar Víglundsson, formaður Kletts, félags smábátæigenda á Norðurlandi og varaformaður Landssambands smábátæigenda skrifar:**

Þegar ég fæddist var sókn í allar fiskitegundir engum höftum háð. Ég kom í heiminn í október á því herrans ári 1979 og var því um 5 vetra gamall þegar fyrst var kvótasett á Íslandi.

Ég ólst upp í litlu sjávarþorpi þar sem allt var vaðandi í saltfiskvinnslum og trillukörlum sem verkuðu sinn fisk sjálfir. Á mínum fyrstu árum átti ég erfitt með að merkja erfiðnið sem bjó að baki öllu þessu hjá trillukörlunum. Það var ekki óalgengt að menn væru með tonn af þorski eftir daginn, og þegar komið var í land átti eftir að slægja, hausa og fletja fiskinn.

Afi minn heitinn átti afturbyggða trétrillu sem bar nafnið Margrét. Þetta var svona þokkalega aflasælt fley. Hann var nú aldrei hæstur á vertíð en heldur aldrei lægstur. Þegar ég var smápatti man ég eftir að afi var að verka saltfisk með þessum fortíðarvinnubrögðum og einnig fór hann til grásleppuveiða með tilheyrandi vinnulagi. En þegar ég sleit barnsskónum og komst þar með í „fullorðinna manna tolu“ (um fermingu) þá var ekki mikið í boði af vinnu fyrir okkur unglýðinn, öfugt við það sem áður hafði verið. Og þegar ég eldist enn meira, þá er ekki um auðugan garð að gresja þegar kom að því að fara út á vinnumarkaðinn.

Í mínu plássi var það annahvort að fá pláss á togara eða að fara að vinna í salthúsi á lágmarkslaunum. Mín leið lá fyrst í salthúsið, þar sem launin dugðu fyrir stígvélum og buxum fyrstu vikuna. Samsagt, afar léleg laun.

En þá vildi til að skipstjóra nokkrum á litlum rækjutogara vantaði mann í hveli. Ég reikna með að það hafi verið eina ástæðan fyrir því að ég fékk sénsinn - ég gat verið mættur um borð innan hálf tíma.

Þar um borð mætti mér afar ungur og hress mannskapur sem hafði mikil áhrif á mig og hreinlega mótaði til framtíðar. Nákvæmlega það sem ég þurfti til að verða liðtækur sjómaður. Ég var sterkur og heilsuhraustur, hafði allt til að bera. Umhverfið fyrir nýliða gat hinsvegar verið mjög svo neikvætt á þessum tíma, svo mjög að menn hreinlega hrökkluðust frá. Ég átti hinsvegar góða að og varð



*Andri Viðar Víglundsson, nýkjörinn varaformaður Landssambands smábátæigenda*

því frystitogarásjómaður og hafði nægt sjálfstraust sem slíkur þegar á annað skip var komið.

Á þessum tíma, hafði aldrei komið til greina að vinna fyrir sjálfan sig. Eiga t.d. litla trillu sem maður myndi róa sjálfur og lifað af því. Þegar ég varð tvítugur var mér tjáð af mörgum að ég hefði fæðst of seint til að fá kvóta. Það kom mér mikið á óvart.

Strax eftir hrúnið ákvað sjávarútvegsráðherra VG að leggja til ákveðnar heimildir til svokallaðra strandveiða. Ég trúði ekki eigin eyrum né augum. Ákvað engu að síður að falast eftir því að fá að róa bát vinar míns ef af þessu skyldi verða.

Af þessu varð, og ég réri eitthvað fyrir vin minn, en keypti mér fljótlega mína eigin trillu. Hún var jafngömul mér, árgerð 1979 og valt eins og ég veit ekki hvað, en gekk eins og klukka. Saman náði ég með aðstoð föður að stækka smá saman við okkur. Nú er staðan sú að við eigum okkur ágætis grundvöll til tekjuöflunar með strandveiðum ásamt grásleppuveiðum.

Þverpólitísk samstaða hefur tekist um strandveiðar og fagna ég því mjög. Við Landsambandsmenn höfum náð mörgum breytingum og bætingum í gegn með samstöðuni einni saman. Það held ég að efast enginn um sem komið hefur nálægt starfinu.

Aflamagn hefur verið aukið til muna, og ekki sér fyrir endann á bætingum. Ég fagna því að sjálfsögðu eins og allir ættu að gera. Ég vona einnig að strandveiðar ásamt grásleppuveiðum, verði mitt lífibrauð til framtíðar.



Örn Pálsson, framkvæmdastjóri LS skrifar um framtíð grásleppuveiða:

## Framtíð grásleppuveiða

**Þ** rítugasti og fimmti aðalfundur Landsambands smábátæigenda samþykkti að óskað verði eftir breytingum á skipulagi grásleppuveiða þannig að bátar eigi kost á að taka upp net í brælutíð án þess að dagafjöldi þeirra til veiða verði skertur.

Við undirbúning reglugerðar um hrognkelsaveiðar 2019 lagði LS mikla áherslu á að ákvæði um hlé á veiðum yrði sett þar inn. Auk þess að það var vilji grásleppusjómannanna var tillagan studd af samstarfsnefnd um bættu umgengni um auðlindir sjávar sem heyrir undir sjávarútvegsráðherra. Þrátt fyrir þennan víðtæka stuðning dugði það ekki til, sjávarútvegsráðherra ákvað að verða ekki við beiðninni.

Tillaga aðalfundar var ítrekuð á fundi LS með Kristjáni Þór Júlíussyni sjávarútvegs- og

landbúnaðarráðherra. Gerð var grein fyrir helstu kostum tillögunnar. Eins og að koma í veg fyrir netatjón vegna fyrirsjáanlegs stórviðris. Þá fæli hún í sér aukna möguleika á að forðast óæskilegan meðafla.

Viðbrögð ráðherrans gáfu ekki til kynna að skoðun hans hefði breyst frá í fyrra. LS mun eftir sem áður freista þess að koma ákvæðinu til framkvæmda verði veiðistjórn á grásleppu með sama hætti og verið hefur.

### Veiðistjórn á grásleppu

Eins og fram hefur komið hefur sjávarútvegsráðherra kynnt í ríkisstjórn frumvarp um breytta veiðistjórn á grásleppu (kvótasetningu). Frumvarpið var í framhaldinu sent til skoðunar og meðferðar í þingflokki stjórnarflokkanna. Eftir því sem næst verður



komist hefur hvorki Framsókn né VG afgreitt frumvarpið frá sér. Af þeim sökum er ólíklegt að veiðistjórn á grásleppuvertíðinni 2020 verði með öðrum hætti en verið hefur.

Rétt er að geta þess hér að LS hefur ekki séð frumvarpið, en drög að því voru til kynningar og umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda á síðastliðnu sumri.

Á nefndum fundi með ráðherra boðaði hann reglugerð um hrognkelsaveiðar 2020 sem birt yrði í Samráðsgáttinni á næstu dögum. Í henni kæmu fram verulegar breytingar, einkum var þar nefnt hert ákvæði um meðafla. Þá er ekki ólíklegt að eftirlit verði aukið á einstaka svæðum þar sem hætta er á að selur komi í netin. LS hefur ekki fengið kynningu á reglugerðardrögunum þrátt fyrir beiðni þar um.

## Bandarísk lög gætu sett strik í reikninginn

LS hefur fylgst náið með umræðu og vinnu stjórnvalda er varða ákvæði bandarískra laga um sjávarspendýr sem meðafla við fiskveiðar. Ákvæðið kemur til framkvæmda 1. janúar 2022 og gæti haft þær afleiðingar að bann verði sett á innflutning allra þorskafurða til BNA frá þjóðum sem stunda veiðar þar sem sjávarspendýr veiðast sem meðafla. Hætt er við að grásleppuveiðar verði í brennidepli vegna þessa máls, ekki síst út af því að nær útilokað er að stunda grásleppuveiðar á einstaka veiðisvæðum án þess að fá sel sem meðafla. Í því skyni ritaði LS Guðlaugi Þór Þórðarsyni bréf í aðdraganda að fundi hans með Mike Pence, varaforseta Bandaríkja. Í bréfinu sagði meðal annars:

*„Við greiningu flokka bandarísk yfirvöld einstaka veiðar eftir hversu mikil hætta er á að sjávarspendýr komi sem meðafla við þær. Eins og staðan er í dag er hætt við að grásleppuveiðar muni lenda í flokki sem fellur undir veiðar þar sem mest hætta er á meðafla sjávarspendýra. Takist stjórnvöldum ekki að sýna fram á með óvæfingjalegum hætti að grásleppuveiðar skaði ekki sjávarspendýr, á Ísland á hættu að BNA setji viðskiptabann á þorskafurðir frá landinu“.*



Örn Pálsson reifar hér hugsanlegar breytingar í framtíð grásleppuveiða

## 40 dýr að hámarki sem meðafla

Einkum er það veik staða landselsstofnsins sem horft er til. Hann má að hámarki vera 40 dýr á ári sem meðafla. Vert er að hafa verulegar áhyggjur af þessu málefni þar sem meðafla landsels í grásleppunet er fyrir hendi á einstaka vertíðum.

Bandarísk stjórnvöld vinna nú úr skýrslu sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Hafrannsóknastofnun skilaði til þeirra í september sl. Íslensk stjórnvöld eiga í samskiptum við aðrar þjóðir varðandi þetta málefni. Meðal þeirra eru Noregur, Kanada, Grænlandi og Færeyjar.

## Miklir hagmunir í húfi

Fjöldi báta á grásleppuvertíðinni 2019 var 240 og var afli þeirra 4.952 tonn. Gera má ráð fyrir að fjöldi sjómanna í áhöfn þessara báta hafi verið nálægt fimm hundruð. Aflinn skilaði þeim rúmum 1,6 milljörðum í aflaverðmæti.

Áætlun gerir ráð fyrir að útflutningsverðmæti ársins verði 2,6 milljarðar. Þá eru ótalin 200 – 300 manns sem starfa við vinnslu, framleiðslu og þjónustu í landi.

# Trillukarl ársins 2019

Það þarf eitthvað allt annað en meðalman til að fara í fötin hans Jóns Ingvars Hilmarssonar sem rær smábátnum Birtu SU 36 frá Djúpavogi í strandveiðikerfinu.



*Jón Ingvar Hilmarsson vel að þeirri viðurkenningu kominn að vera trillukarl ársins 2019*

Báturinn er 3,32 brúttótonn og heilir 7,29 metrar á lengd.

Á strandveiðivertíðinni 2019 gerði hann sér lítið fyrir og landaði 52,4 tonnum í 46 róðrum.

Þessum ótrúlega árangri náði hann þrátt fyrir að tíðin á strandveiðitímabilinu hafi verið sú erfiðasta frá upphafi strandveiðanna 2009, bræla uppá nánast hvern einasta dag.

Meðalaflinn í róðri var 1140 kg, þar af 746 kg af þorski. Hann nýtti sér út í hörgul þá breytingu að ufsi telst ekki til frádráttar. Að meðaltali var ufsaafllinn 386 kg á dag. Að auki landaði hann samtals rúmleum 350 kg af löngu og karfa.

Jón Ingvar er sannarlega vel að því kominn að vera trillukarl ársins 2019.

**VSV**  
VESTMANNAEYJAR  
ICELAND

*Gledileg Jól*

Vinnslustöðin óskar starfsmönnum sínum til lands og sjávar, Vestmannaeyingum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla með ósk um farsæld, frið og gæfu á nýju ári.

VINNSLUSTÖÐIN HF HAFNARGATA 2 900 VESTMANNAEYJAR VSV@VSV.IS WWW.VSV.IS



# SKOÐUM SKIPUM LAND ALLT



-áratuga reynsla

Sími: 570 9290

[www.skip@frumherji.is](mailto:www.skip@frumherji.is)



**Frumherji**  
Skipaskoðun



## Skilgreining FAO, Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna á IUU fiskveiðum, þ.e. ólöglegum, óskráðum og stjórnlausum fiskveiðum:

Ólöglegar, óskráðar og stjórnlausar veiðar (IUU) eru enn ein mesta ógnin við vistkerfi hafsins.

Þær grafa undan viðleitni viðkomandi landa til að stjórna fiskveiðum á sjálfbæran hátt og því að varðveita líffræðilega fjölbreytni sjávar.

Þessar veiðar nýta sér spillta stjórnsýslu og veika stjórnsýslu, einkum í þróunarríkjum sem skortir getu og fjármagn til skilvirks eftirlits.

Þessar veiðar er að finna í öllum gerðum og stærðum fiskveiða, bæði á úthafi og á svæðum innan landhelgi,

þetta varðar alla þætti nýtingar á fiski.

Stundum getur þetta verið tengt skipulagðri glæpastarfsemi. Útgerðarmenn smábáta hröklast í burtu vegna þessara veiða. Þetta getur leitt til hruns á staðbundnum fiskveiðum, þar sem smábátaveiðar í þróunarlöndum eru sérstaklega viðkvæmar. Vörur, sem unnar eru úr IUU-veiðum, rata á erlenda markaði og draga þar með úr matarframboði heima fyrir.

IUU veiðar ógna því lífsviðurværi, leiða til aukinnar fátæktar og auka mataróryggi.



Hér getur að líta ólögleg kínversk fiskiskip að gera tilraun til komast undan strandgæslu Suður-Kóreu. Sjómennirnir voru handteknir skömmu síðar.

Þessi togari sem veiddi undir Tailenskum fána var gerður upptækur ásamt öllu um borð af yfirvöldum í Sómalíu vegna ólöglegra veiða innan lögsógu.



# Óskum sjómönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs!



*Fiskifélag Íslands*

**Fiskmarkaður  
Patreksfjarðar ehf**



**Hvalur hf**



Landhelgisgæsla Íslands


**LANDSSAMBAND  
smábátæigenda**



Brimfaxi sendir félagsmönnum Landssambands smábátæigenda sem og landsmönnum öllum bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár!



## Nýr fjölgeisla dýptarmælir frá Furuno **DFF-3D**




DFF-3D er nýr fjölgeisla dýptarmælir sem Furuno hefur þróað. Ný fjölgeislatækni sem notast er við í mælinum skilar nákvæmum staðsetningum fisk endurvarpa og endurvörpum af botni sem mynda gagnagrunn fyrir myndræna framsetningu botnsins.

Háþróuð tækni við úrvinnslu endurvarpa sendigeislanna og ný gerð fjölgeisla botnstykkis skilar sér í afar nákvæmri þrívíddarmynd af botninum og smáatriðin koma mönnum á ávart.

*Skoðið myndbönd um tækið á [brimrun.is](http://brimrun.is)*



Þrívíddarmyndirnar má vista og vinna með í gagnagrunni Time Zero Professional.



Botnlandslagið og fiskitorfur birtast í ótrúlega nákvæmri mynd í allt að 120° geisla frá stjórn í bak. Hámarks dýpi við enda geislans er 200 m, en 300 m undir miðju skipsins.

Hliða skönnunar (Side Scan) eiginleiki DFF-3D býður upp á nýja leið til að staðsetja holur og hæðir á sjávarbotni. Þessi tækni gerir notandanum auðvelt fyrir að sjá nákvæmlega hvernig botninn liggur.

DFF-3D inniheldur einnig hefðbundinn dýptarmæli með 3 geislum sem er hægt að stilla og færa til. Þetta gerir notanda kleift að staðsetja fiskinn á mjög einfaldan hátt. Breidd og halla hvers geisla má stilla frá miðju.

